

### Knjáliðagras (*Alopecurus geniculatus*)

Enska; Water foxtail, danska; Knæbøjet rævehale, norska; Knereverumpe, sænska; Kärrkavle

#### Tegundalýsing og kjörlendi

Knjáliðagras er frekar lágvaxið kræklótt fjölært axpungtgras. Blöðin eru nokkuð þykk, dökkgræn og mjúk viðkomu og með upphleyptum röndum á efra yfirborði. Axberandi stönglar ná 5-60 sm og eru oft skástæðir neðst. Fyrsta hné er áberandi bogið sem réttir stöngulinn upp. Það er skriðlægt með því að skjóta rótum við stöngulhné og þannig getur það breitt umtalsvert úr sér. Slíðrin eru útblásin og slíðurhimnan er um 2 mm að lengd. Smáoxin eru einblóma og standa þétt saman í sívölum, svörtum eða gráfjólubláum kólfi. Smáaxið er með týtu sem er knébogin og miklu lengri en axögnin. Axpungturinn er með pelsmjúka áferð. Knjáliðagrasíð líkist ættinga sínum, háliðagrasinu, en er talsvert lágvaxnara. Ólíkt háliðagrasinu er knjáliðagrasíð skammlíf tegund en er mikill fræframleiðandi og fljót að róta sig í kalblettum og dældum.

Knjáliðagras finnst um land allt og vex aðallega í deigum og grasi grónum bökkum en er ekki algengt í túnum nema í Flóanum, á Mýrum vestra, Rangárvallasýslu vestanverðri og í Austur Skaftafellssýslu. Þar vex það vel innan um sáðgresi í rökum túnum og er oft allsráðandi í túnjöðrum þar sem mesta vélaumferðin og jarðvegsþjöppunin er.



#### Nýting, uppskeruvæntingar og fóðrunarvirði

Knjáliðagras er talin ágæt fóðurjurt og var fyrr á öldum ein mikilvægasta fóðurslægjan á vissum landsvæðum. Það gefur hins vegar ekki eins mikla uppskeru og sáðgresi og er því ekki eftirsótt í dag. Frekar er reynt að útrýma því úr túnum með endurræktun, og bættri jarðvinnslu, góðri framræslu og með því að lágmarka þunga umferð á túnum. Knjáliðagras er ekki talið rýra fóðrunarvirði sáðgresis í nyræktum en það hefur þó ekki verið rannsakað til fulls.



Knjáliðagras í blóma í vallarfoxgrastúni



Fullskriðið knjáliðagras í jaðri á vallarfoxgrastúni